

Mel. 15. des 1914

Íslenzka.

Engin þjóð á jörðu hér má eins illa vera án sjálfstæðrar hugsunar og Íslendingar; en það er ætíun mín, — og eg byggj ekki þá ætíun á engu — að Íslendingum mundi þykja litlu skifta, þó að troðinn væri niður, með einhverju athæfi, sem honum væri pindíng í, einhver, sem hefði frábæra hæfileika til að kenna öðrum að glöggva sig og ná sjálfstæðri hugsun.

I.

Íslenzk tunga er arfur, sem vér Íslendingar verðum að kappkosta að varðveita sem bezt, og ávaxta. Ríður oss svo mikið á því, að ef tungan spillist mjög eða glatast, þá mun framtíð þjóðarinnar verða miklu verri en ella. Og eigi einungis ríður oss á því, heldur einnig bræðraþjóðum vorum. Það þarf að verða svo mikill þróttur í Íslenzkri hugsun, að vér getum orðið samhuga um að styðja að endurreisn norrænnar tungu á Norðurlöndum, og auðvitað í Noregi fyrst. Vér verðum að byrja á því að láta oss skiljast, að Íslenzka er bezta málið á jörðu hér, að þar sem bezt er í Íslenzku, eru beinastar brautir til fullkomnunar í máli og hugsun.

Vér þurfum að vinna að því, að Norðurlandabúum skiljist, að mállýzkur þær, sem þeir tala nú, standa langt á baki norrænni tungu.

Auðvitað getur þetta ekki orðið alt í einu, en góð byrjun væri það, ef það yrði síður, að mentaðir menn í Noregi og annarstaðar á Norðurlöndum lærðu Íslenzku, álitu sér skylt að geta lesið Norðurlandasögu Snorra á frummálinu, ósæmandi mentuðum manni að geta það ekki.

Alt mun þetta ganga ver, ef vér skiljum ekki, að Íslenzkan þarf ekki að taka upp útlend orð, heldur getur vaxið af sínum eigin rótum. Og allar hugsanir um, að mál stærri þjóða og stórþjóða, séu fyrimannlegri, verða að hverfa.

2.

Hér eru nokkur orð, sem eg legg til að séu tekin upp, heldur en þau sem höfð eru nú:

Cruiser ætti að nefna hraðskip heldur en beitiskip.

Mine gæti heitið sprengja; tala mætti um sæsprengjur og landsprengjur.

Torpedo má nefna farsprengil, og torpedo destroyer: sprengil-eyði.

Trawler er dragi eða dröguskip; togari er bugserbaad, á ensku: tug-

Helgi Pjeturss.